

Alþingi
Erindi nr. P 135/99
komudagur 8.11.2007

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 05.11.2007
Tilv. 055
DH

Efni: Umsögn um: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.)
Þskj. 66 - 66. mál. Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.

Varðandi 1. grein frumvarpsins er Listasafn Íslands er samþykkt því að sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skuli krefjast eigendasögu myndverks af seljanda. Í texta frumvarpsins er gert ráð fyrir að eigendasögu sé krafist „enda sé myndlistamaður á skrá Listasafns Íslands“. Þetta orðalag er mjög óskýrt og gæti valdið misskilningi þar sem Listasafn Íslands varðveitir ýmsar skrár t.d. skrá yfir alla myndlistarmenn sem hafa fengið opinbera umfjöllun um list sína hér á landi. Listasafn Íslands leggur því til að orðalagi frumvarpsins verði breytt til að taka af allan vafa um það við hvaða listamenn er átt. Það er skilningur safnsins að lögnum sé ætlað að ná yfir verk helstu listamanna þjóðarinnar auk þeirra erlendu listamann er tengjast íslenskri listasögu og því eðlilegt að miða við þá listamenn sem Listasafn Íslands á verk eftir, en það eru rúmlega 300 innlendir og tæplega 400 erlendir listamenn. Listasafn Íslands leggur því til að texta 1. greinar verði breytt og þar komi fram að sá sem rekur verslun með myndverk í atvinnuskyni skuli krefjast eigendasögu myndverks af seljanda „**enda eigi Listasafn Íslands verk eftir viðkomandi myndlistarmann.**“

Varðandi 2. grein frumvarpsins gerir Listasafn Íslands athugasemd við b. liðinn þar sem fram kemur að sá sem stundar verslun með myndverk í atvinnuskyni skuli varðveita eigendasögu myndverka og senda hana Listasafni Íslands þegar starfsemi fyrirtækis lýkur. Að höfðu samráði

við Þjóðskjalavörð, Ólaf Ásgeirsson, leggur Listasafn Íslands til, að þegar starfsemi fyrirtækis ljúki séu gögn sem tengjast eigendasögu listaverka send Þjóðskjalasafni Íslands, enda býr það yfir sérþekkingu á sviði skjalavörslu og getur tryggt aðgengi að skjölunum. Lokasetning 3. mgr orðist því svo: „*Þeir skulu afhenda formlegum kaupanda eigendasögu myndverkanna en jafnframt varðveita hana og síðan senda hana Þjóðskjalasafni Íslands þegar starfsemi fyrirtækis lýkur.*“

Virðingarfyllst
f.h. Listasafns Íslands



Dagný Heiðdal
Deildarstjóri listaverkadeildar